



TBR fréttir

maí 2023

1. tbl. 46. árg



Frá Íslandsmóttinu 2023



Arna Karen og Sigríður, Sólrún og Una



Daníel og Kári



Kristófer Darri, Davíð Bjarni, Bjarki og Daníel



Gerda og Sigríður



Arna Karen, Davíð Bjarni, Sigríður og Daníel



Kristján Huldar og Ólafur Örn



Han og Hrafn



Elín Þóra, Haukkur, Hrund og Bjarni Þór



Einar Óli, Funi Hrafn, Ingólfur og Sævar



Katla Sól, Anna Lilja, Iðunn og Hrafnhildur



Útgefandi:	Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur
Ábyrgðarmaður:	Sigfús Ægir Árnason
Ritstjórn:	Sigfús Ægir Árnason, Jóhann Kjartansson
Myndir:	Árni Gestur Sigfússon, Jónas Huang, Kjartan Drafnarson o.fl.
Umbrot:	Hrund Guðmundsdóttir
Forsíðumynd:	Davíð Bjarni Björnsson og Arna Karen Jóhannsdóttir
	Íslandsmeistarar í tvenndarleik 2023
	Myndina tók Kjartan Drafnarson.
Stjórn TBR:	Guðmundur Adolfsson formaður Gunnar Petersen varaformaður Áslaug Jónsdóttir ritari Jónas Baldursson gjaldkeri Áslaug Árnadóttir meðstjórnandi Atli Tómasson til vara í stjórn Kristófer Darri Finnsson fulltrúi ungra

Ágætu félagar í TBR

Reksturinn gengur ágætlega og vallaleiga er mjög góð. Leiga á stökum tímum er með besta móti og nýting húsans er góð.

Alþjóðlegu Reykjavíkurleikarnir, RIG fóru fram í sextánda sinn. TBR hélt unglingsmeistaramót með þátttöku erlendra gesta og BSÍ hélt Iceland International mótið með góðri þátttöku erlendra og innlendra keppenda.

Íslandsmót unglunga var haldið hjá okkur í TBR 14.-16. apríl. TBR-krakkar stóðu sig mjög vel og félagið eignaðist marga Íslandsmeistara. Þrjú keppendur frá TBR náðu þeim frábæra árangri að verða þrefaldir Íslandsmeistarar. Það voru þau: Sonja Sigurðardóttir U13, Eggert Þór Eggertsson U15 og Lilja Bu U17. Við óskum þeim öllum til hamingju með árangurinn.

Meistaramót Íslands var haldið í Hafnarfirði 26.-29. apríl og voru TBR-ingar sigursælir. Daníel Jóhannesson varði Íslandsmeistaratitil sinn í einliðaleik, Kristófer Darri Finnsson og Davíð Bjarni Björnsson eru Íslandsmeistarar í tvíliðaleik karla, Arna Karen Jóhannsdóttir og Sigríður Árnadóttir eru Íslandsmeistarar í tvíliðaleik kvenna. Arna Karen og Davíð Bjarni sigruðu í tvenndarleik. Óskum við þeim öllum til hamingju.

Deildakeppni BSÍ var leikin með nýju sniði í vetur. Nokkrir leikdagar voru yfir tímabilið og leikið var heima og heiman. Lið TBR sigruðu í öllum deildum.

Í sumar verðum við með hinn sívinsæla sumarskóla fyrir börn og unglunga. Aðsókn í skólann er mjög góð. Opið verður fyrir leigu á badmintonvöllum auk þess sem æfingatímar verða fyrir keppnislið félagsins.

Garðar Alfonsson lést í september 2022. Hann var þjálfari, formaður og heiðursfélagi TBR, auk þess sem hann var aðal drifjöðurin í byggingaframkvæmdum eldra TBR- hússins. Ég sendi aðstandendum hans mínar innilegustu samúðarkveðjur.

Ég vil þakka TBR-félögum, stjórn og starfsfólki fyrir samstarfið og vona að framtíðin skili okkur enn betri árangri í íþróttinni okkar.

Guðmundur V Adolfsson



Skýrsla Stjórnar TBR 2022 – 2023

Starfsemi TBR varð loksins „eðlileg“ eftir þrjú erfið Covid19 ár. Badmintonmót eru aftur haldin á venjulegan hátt, án fjöldatakmarkana eða sérstakra sóttvarna. Tímaleiga gekk vel í haust. Flestir vellir eru í notkun stærstan hluta dagsins. Þeir vellir sem leigjast ekki fast yfir veturinn eru oft leigðir stakt hverju sinni. Fjöldi manns á 10 tíma kort sem eru nýtt í þessa tíma.

TBR á og rekur íþróttamiðstöð að Gnoðarvogi 1. Þar eru tveir badmintonsalir, borðtennisalur og verslun. Þá eru í húsunum búningaöstaða, sturtur og gufuböð fyrir þá aðila sem koma í badminton eða borðtennis. Félagsmenn TBR eru um 3400 talsins. Þeir yngstu eru nýbyrjaðir í skóla, en sá elsti í badminton er á 94. aldursári.

TBR fær veglega styrki frá Reykjavíkurborg árlega. Þessir styrkir gera félaginu kleift að halda uppi öflugum félagsstarfi með sterkum kjarna badmintonleikmanna. Þessir leikmenn eru andlit félagsins út á við. Þeir vinna flesta titlana í badmintonmótum hér á landi og taka jafnframt þátt í nokkrum mótum erlendis ár hvert. Mikill fjöldi barna og unglunga æfa einnig reglulega í TBR. Félagið er í samstarfi við níu skóla umhverfis Laugardalinn. Öllum 9 ára krökkum í þeim skólum er gefinn badmintonspaði og börnunum er boðið í badmintontíma heila önn. Um 450 4. bekkingar kynnast badmintoníþróttinni ár hvert hjá okkur.

Guðmundur Adolfsson er formaður TBR. Með í stjórn eru: Gunnar Petersen, Áslaug Árnadóttir, Jónas Baldursson og Áslaug Jónsdóttir. Til vara í stjórn er Atli Tómasson. Fulltrúi ungra í stjórn er Kristófer Darri Finnsson. Yfirþjálfari TBR er Jóhann Kjartansson og framkvæmdastjóri er Sigfús Ægir Árnason.

Hér í blaðinu er getið helstu viðburða á starfsárinu.

Keppnishópur TBR

Keppnishópurinn okkar er flottur og vel mannaður. Aldursbilið er nokkurt eða frá 14 ára upp í 35 ára. Þrátt fyrir þetta aldursbil ganga æfingar vel og gaman að eldri og yngri tengist vel. Allir í hópnum geta æft á þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum í það minnsta. Þeir sem vilja meira geta æft oftari að nokkrum skilyrðum uppfylltum. Nokkrir af þeim eldri eru líka að æfa með öðrum hópnum félagsins. Mæting þarf að vera góð og fylgst er með að hún sé í lagi. Allir þurfa að vera duglegir við að keppa í mótum enda ber hópurinn nafnið „Keppnishópur TBR“. 36 leikmenn eru skáðir í hópinn í vetur.

Þjálfarar keppnishópsins voru þeir Árni Þór Hallgrímsson, Atli Jóhannesson, Jónas Huang og Kristófer Darri Finnsson. Keppnishópur félagsins taldi 37 einstaklinga í vetur en þeir eru: *Andri Broddason, Ari Páll Egilsson, Atli Tómasson, Bjarki Hlífar Stefánsson, Bjarni Þór Sverrisson, Björk Orradóttir, Daníel Jóhannesson, Daníel Máni Einarsson, Davíð Bjarni Björnsson, Eggert Þór Eggertsson, Eiður Ísak Broddason, Einar Óli Guðbjörnsson, Einar Sverrisson, Eiríkur Tumi Briem, Elís Tor Dansson, Eysteinn Högnason, Funi Hrafn Eliassen, Gústav Nilsson, Hrafnhildur Magnúsdóttir, Iðunn Jakobsdóttir, Jónas Baldursson, Jónas Orri Egilsson, Júlíana Karitas Jóhannsóttir, Kristján Huldar Aðalsteinsson, Kristófer Darri Finnsson, Lilja Bu, Óðinn Magnússon, Róbert Þór Henn, Sigríður Árnadóttir, Sigurður Patrik Fjaljarsson, Stefán Árni Arnarson, Steinar Petersen, Vignir Haraldsson, Viktor Ström, Þorkell Ingi Eriksson og Þórunn Eylands.*

Keppnishópur – Börn og unglingar

Þessi hópur samanstendur af börnum og unglingum á aldrinum U11 – U17. Þetta eru duglegir og metnaðaðarfullir krakkar og eru flest mjög áhugasöm um að bæta sig. Mörg hver æfa mjög vel eða allt að 7 sinnum í viku. Krakkarnir eru góðir vinir og sterk félagsleg tengsl hafa skapast og við fáum ekki betur séð en allir séu góðir vinir. Sum þeirra sem eru í U15 og eldri, keppa líka mjög oft á fullorðinsmótum þannig að flestar helgar eru uppteknar við badmintonmót hjá þeim. Mörg þeirra eru orðin mjög sterk í sínum flokkum og eru Íslandsmeistarar í unglingsaflokki. Einn strákur í U15 náði að vinna sig í vetur upp í Úrvalsdeild í einliðaleiki úr 2. deild sem er virkilega góður árangur. Við reiknum fastlega með að einhver þessara ungmenna eigi eftir að vera með þeim allra bestu á landsvísu þegar fram í sækir.

Þjálfun eldri barna og unglunga

Mæting hjá þessum hópi sem í eru leikmenn á aldrinum 9 – 19 ára hefur verið með ágætum. Hér er um að ræða börn og unglunga sem gjarnan vilja æfa og vera með án þess endilega að keppa, enda er þeim alveg frjálst að vera með á þeim forsendum. Í þessum tímum eru grunnatriðin kennd og reglur og oft er einnig farið í leiki. Af og til er farið í vallarkeppni sem er einföld útfærsla af keppni og margir vilja vera með. Til okkar koma margir sem ekki finna sig í öðrum íþróttum.

Þjálfun yngri barna

Árni Þór og Jónas Huang eru með tíma fyrir 6-8 ára á þriðjudögum, og Árni og Eiður Ísak á föstudögum. Þarna eru krakkar sem eru að stíga sín fyrstu skref á badmintonvellinum. Áhersla er lögð á grunnþætti, grip og fótaturð. Mest er þó lagt uppúr því að börnunum líði vel og að þeim finnist gaman. Þau sem eru spennt fyrir keppni gefst kostur á að taka þátt í nokkrum „Vinamótum“ þar sem allir fá verðlaun.

Martin Kjellerup

Tengslin við Martin okkar héldu áfram á tímabilinu sem nú er að enda. Hann kom í margar heimsóknir og var með m.a námskeið fyrir okkur þjálfarana. Hann var líka með æfingar og námskeið fyrir allt okkar keppnisfólk frá aldrinum U9 og upp í Úrvaldeildarleikmenn. Það er sannarlega fengur fyrir okkur í TBR að hafa fengið að kynnast og tengjast svona góðum manni og flottum þjálfara og við stefnum að því að halda áfram á þessari braut.



Eiður og Margrét

Eiður Ísak Broddason og Margrét Jóhannsdóttir tóku að sér verkefni fyrir unga og efnilega badmintonspilara með það að markmiði að auka breiddina í þessum aldursflokki. Eiður var með æfingar fyrir flotta stráka í U11 og U13 og Margrét með æfingar fyrir flottar stelpur í U11 og U13. Einnig var Margrét með æfingar fyrir sterkustu krakkana í U13 og U15 og eina stelpu í U17. Þessir tímar komu virkilega vel út og tók voru á að stækka hópinn hjá yngstu spilurunum. Við vorum t.d. með glæsilegan og eftirtektarverðan hóp á Íslandsmótinu í þessum flokkum.

Ragna Þjálfar í TBR

Ragna Ingólfssdóttir er nýr þjálfari hjá TBR. Hún kemur til með að þjálfra eldri og yngri leikmenn í keppnisliði TBR. Mikill fengur að fá Rögnu til starfa.

Föstudagsæfingar – tvíliðaleikur

Ágæt mæting hefur verið á föstudagsæfingarnar í vetur sem Árni Þór sér um. Þetta eru allt öðruvísi æfingar en þær hefðbundnu. Eingöngu er keppt í tvíliðaleik og notast er við styrkleikalista innan hópsins sem Árni heldur utanum og er raðað inná vellina eftir því hvar menn standa á listanum. Hægt er að vinna sig um um völl eða falla niður um völl. Allir keppa með öllum og á móti öllum innan sama vallar. Þetta eru skemmtilegir og fjörugir tímar. Nokkrir af þeim sem hafa æft með keppnishópi áður fyrr stunda þessa tíma af og til.

Skólabadminton

Ágæt gróska var í Skólabadmintoni í vetur. Börnin koma í byrjun með kennurum sínum í heimsókn í TBR á skólatíma og fá gefins spaða og spila í góða stund. Þegar tímarnir byrja koma krakkarnir í rútu frá skólunum sem eru fjærst, og til baka á skólalóðina að tíma loknum. Þau börn sem eru næst okkur koma fótgangandi eða á hjóli. 4. bekk í níu skólum býðst að koma í badminton einu sinni í viku annaðhvort fyrir eða eftir jól. Langholtsskóli er allan veturinn enda er badminton inni stundartöflu krakkanna. Við fáum ekki betur séð en að kennarar, skólastjórnendur, foreldrar og ekki síst börnin sjálf séu ánægð með þetta samstarf. Eftirfarandi skólar komu til okkar í TBR í vetur: Ártúnsskóli, Álftamýrarskóli, Breiðagerðisskóli, Fossvogsskóli, Háteigsskóli, Hvassaleitisskóli, Langholtsskóli, Laugarnesskóli og Vogaskóli.

Þróunarhópur

Þróunarhópurinn hefur verið starfræktur í 15 ár. Úrvalsdeildarleikmaður í fullorðinsflokki getur tekið að sér í svokallað „fóstur.“ Um er að ræða ungan efnilegan leikmann. Þessir aðilar hittast svo 12 sinnum yfir önnina og fær yngri leikmaðurinn einkatíma hjá þeim eldri. Með þessum hætti fær sá yngri aukna kennslu og samveru með þeim eldri. Með þessu á Úrvalsdeildarleikmaðurinn þess kost að vinna af sér æfinga- og keppnisgjöld fyrir viðkomandi önn. Ásókn þeirra sem hafa tók á að taka að sér fóstur var frekar dræm í vetur, aðeins Eysteinn Högnason tók slíkt hlutverk að sér og stóð sig með þryði.

Kvennatímar

Morgunstjörnur hittast í TBR á þriðjudags- og föstudagsmorgnum kl. 9.20 – 10.10 og spila badminton. Tíminn endar oftast með kaffispjalli upp í félagsheimili. Upprunalega voru Morgunstjörnur stofnaðar sem kvannahópur sem hafði tækifæri til að spila badminton á þessum tíma dags. Nú eru 2 karlspilarar með í hópnum annar að nálgast nírætt og hinn á 94. aldursári. Morgunstjörnur eiga sér yfir 40 ára sögu og er elsti badmintonhópurinn í TBR með óslitna starfsemi. Markmiðið er að skemmta sér og fá útrás í góðra vina hópi. Jólamótið var haldið á aðventunni og fór fram með glæsibrag. Eftir mót er sest við kræsingar á jólahlaðborði. Sigurvegari mótsins var Þórunn Þórarinsdóttir. Jafnar í öðru og þriðja sæti voru Jóhanna Emilsdóttir og Kolbrún Hjaltadóttir. Konur og á öllum aldri og karlar á virðulegum aldri eru velkomin að koma og prófa.



Sumarskóli

Sumarskólinn á sér yfir 30 ára sögu og aðsókn alltaf verið góð og oftast eru öll námskeið full og biðlisti. Þannig var það síðasta sumar. Um er að ræða 3 námskeið á hverju sumri og spannar hvert þeirra 2 vikur. Tvö námskeið eru í beit strax að loknu skólasterfi í júníbyrjun og svo eitt í kjölfar Verslunarmannahelgarinnar. Námskeiðin eru ætluð börnum á aldrinum 6 – 13 ára. Börnin geta verið hálfan eða heilan dag og fyrir þau sem eru heilan dag er boðið uppá hádegisverð. Skipt er niður í 3 hópa eftir aldri og stundum er starfsemin aðgreind í hópum og stundum eru allir saman. Sumarskólinn er leikjanámskeið með aðaláherslu á badminton. Einnig er farið í ýmskonar leiki og þá eru þrautir bæði inni og úti á lóðinni okkar sem er stór og skemmtileg. Þegar vel viðrar er mikil útivera, því nágrenni TBR er kjörið til útivistar í Laugardalnum. Á hverju námskeiði er farið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, Laugardalslaugina, Ármannsheimilið og leiksvæðið við Langholtsskóla. Á síðasta degi hvers námskeiðs er einskonar uppskeruhátíð. Hoppukastalinn er vinsæll, pylsur borðaðar með góðri lyst og svo í lokin fá börnin viðurkenningarskjal og verðlaunapening fyrir frammistöðuna. Við leggjum áherslu á að hafa sterkan og öflugan hóp þjálfara og leiðbeinenda sem vinna við námskeiðin.



Einkatímar fyrir almenning

Alltaf er eitthvað um að óskað sé eftir einkakennslu í badmintoni. Þjálfarar hafa tekið að sér einkatíma fyrir sanngjarnt verð. Það gerir ekkert nema gott að koma af og til þjálfara og auka við getu sína og verða enn betri.

Forvarnarhópur

Árni Þór hélt utan um starfsemi Forvarnarhópsins nú í vetur eins og undanfarin ár. Í hópnum eru um 12 krakkar úr Keppnishópnum frá aldrinum 14 ára og uppúr. Þetta eru iðkendur sem hafa valið þann heilbrigða lífsstíl að neyta ekki áfengis, annara hugbreytandi efna eða tóbaks. Það er eina inntökuskilyrðið. Reynt er að hittast að meðaltali einu sinni í mánuði og gera eitthvað skemmtilegt saman, út að borða, í bíó, keilu, skauta og annað áhugavert sem þau finna uppá. Það er frábært að svona margir vilji vera með og kjósa heilbrigðan lífsstíl að þessu leyti.

Laugarvatn

Helgina 14. – 15. janúar hélt vaskur hópur 30 TBR-inga til Laugarvatns í æfingarbúðir. Krakkarnir voru á aldrinum U11 – U17. Þrír þjálfarar fóru frá TBR, Kristófer Darri. Finnsson, Margrét Jóhannsdóttir og Þorkell Ingi Eriksson. Einnig voru þrír foreldrar til aðstoðar. Farið var frá TBR á laugardagsmorgni og komið til baka á sunnudagseftirmiðdegi. Krökkunum var skipt í þrjá hópa eftir aldri og getu og þannig var æft. Stundum æfðu allir saman. Farið var í sund og haldin var kvöldvaka. Ferðin gekk vel í alla staði, badmintonlega og félagslega.



Sumarbúðir í Danmörku

Um 20 TBR krakkar frá aldrinum U13 – U19 héldu í víking og fóru í æfingarbúðir til Danmerkur um mánaðarmótin júlí / ágúst. Farið var á heimaslóðir okkar góðkunnna Martins Kjellerup en hann var einmitt yfirþjálfari á námskeiðinu. Kristófer Darri Finnsson fór sem fararstjóri og einnig liðsinnti hann sem þjálfari á námskeiðinu sjálfu. Þetta var hin mesta ævintýraför og mikil upplifun. Á námskeiðinu voru líka margir danskir krakkar. Gist var í íþróttahúsinu sjálfu og þar borðuðu krakkarnir morgunmat, hádegismat og kvöldmat. Á kvöldin voru kvöldvökur, leikir og badmintonspil. Auðvitað var farið í Tívolí í Kaupmannahöfn. Krakkarnir komu heim alsæl og uppgefin.

Uppskeruhátíð

Uppskeruhátíð TBR krakkanna var haldin í Próttheimum við Holtaveg í byrjun júní 2022. Fjöldi barna og unglinga mætti og skemmti sér í leikjum, þrautum og fengu svo pizzur og gos. Á uppskeruhátíðinni er hópur barna- og unglinga verðlaunaður fyrir árangur, framfarir og hegðun á keppnisárinu. Þessir hlutu viðurkenningu: Hrafnkell Gunnarsson, Sigrún Hekla Kjartansdóttir, Óðinn Magnússon, Iðunn Jakobsdóttir, Eggert Þór Eggertsson, Hrafnhildur Magnúsdóttir, Eiríkur Tumi Briem, Lilja Bu, Gústav Nilsson og Júlíana Karitas Jóhannsdóttir.



Keppnisferðir og mótahald

Keppnisferð til Evrópu var á dagskrá í júní og júlí 2022. Fyrst var haldið til **Bonn í Þýskalandi** og tekið þátt í alþjóðlegu móti. Keppendur voru Daníel Jóhannesson, Jónas Baldursson, Sigríður Árnadóttir, Róbert Þór Henn, Eiður Ísak Broddason, Kristófer Darri Finnsson og Davíð Bjarni Björnsson. Í Bonn var stórt mót á Fut. Series stigi. Daníel og Sigríður komust í 16 liða úrslit í mótinu, sem var besti árangur hópsins.



Næst var haldið til **Dubrovnik í Króatíu**. Þar var einnig alþjóðlegt mót á Fut. Series stigi. Þá bættust Gústav Nilsson og Stefán Árni Arnarsson í hópinn. Mót þetta var líka mjög stórt og sterkir leikmenn frá fjölda þjóða. Ljóst er að nánast öll mót í Evrópu eru yfirbókuð um þessar mundir, enda hafa mörg þeirra fallið niður undanfarin ár út af Covid19. Aftur komust Sigríður og Daníel í 16 liða úrslit. Þeim var raðað nr. 3 af keppendum, en töpuðu naumlega fyrir pari frá Austurríki, 22/24 og 19/21.

Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson kepptu einnig í 16 liða úrslitum, en töpuðu gegn leikmönnum frá Sri Lanka. Róbert Þór Henn vann 3 andstæðinga í undankeppninni, en varð að játa sig sigraðan móti Justin Hoh frá Malasíu.



Nú var skipt liði. Sumir fóru heim, en aðrir fóru til **Bialystok í Póllandi** til þátttöku í Evrópukeppni félagsliða. Júlíana Karitas Jóhannsdóttir og Karolina Prus komu frá Íslandi ásamt Jónasi Huang Þjálfara. Daníel Jóhannesson, Sigríður Árnadóttir, Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson komu frá Króatíu. TBR lenti í riðli með liðum frá Ungverjalandi, Noregi og Litháen. Leikurinn gegn Litháen vannst 5:0, en hinir leikurnir töpuðust báðir 1:4 eftir harða keppni. TBR varð nr. 3 í sínum riðli og komst þar með ekki áfram í mótinu. 16 lið tóku þátt að þessu sinni.



Mótahald TBR hófst í byrjun september. Loksins var hægt að skipuleggja „venjuleg“ mót án þess að krafa væri sett um fjölda í salnum, sérstakar sóttvarnir eða aðrar takmarkanir sem fylgdu Covid19. Áhorfendur máttu aftur koma og fylgjast með leikjum og afar og ömmur birtust aftur í húsinu þegar barna- og unglingamót voru á dagskrá.

Einliðaleiksmót TBR var haldið föstudaginn 2. september 2022. Keppt var í Úrvalsdeild karla og kvenna. Keppendur voru frá TBR og BH. Lilja Bu TBR sigraði Sigríði Árnadóttur TBR í úrslitum, og Daníel Jóhannesson TBR vann Róbert Inga Huldarsson BH í úrslitaleik. 16 karlar og 3 konur tóku þátt í mótinu.



Unglingameistaramót Reykjavíkur var haldið 17.-18.

september. Þetta er yfirleitt fyrsta mótið á hverju hausti, og oft er fróðlegt að sjá hvernig unglíngarnir skila sér undan sumrinu. Badmintonráð Reykjavíkur sá um skipulag keppinnar. Keppendur voru frá TBR, Hamri, TBS, Tindastól, ÍA, BH og UMFA. TBR eignaðist fjölda ungra meistara, en þeir voru: Aylín Pardo Jaramillo, Brynjar Petersen, Daníel Máni Einarsson, Eggert Þór Eggertsson, Eiríkur Tumi Briem, Hrafnhildur Magnúsdóttir, Lilja Bu, Óðinn Magnússon og Sonja Sigurðardóttir.

Síglufjarðarferð var á dagskrá í byrjun október. 25 TBR unglíngar fóru þangað og kepptu. Árni Þór Hallgrímsson var fararstjóri og þjálfari. Gist var í ráðhúsi Síglufjarðar. TBR-krökkunum gekk vel í mótinu og eftirtalin fengu gullverðlaun: Aylín Pardo Jarmillo, Brynjar Petersen, Eggert Þór Eggertsson, Grímur Elíasen, Hrafnhildur Magnúsdóttir, Iðunn Jakobsdóttir, Óðinn Magnússon og Sonja Sigurðardóttir.

TBR-opið var haldið 7.-8. október. Keppt var í öllum greinum í Úrvals-, 1. og 2. deild. Riðlakeppni var í tvíliða- og tvenndarleiknum, en beinn útsláttur í einliðaleiknum. Keppendur voru frá TBR, KR, ÍA, Hamri, BH og UMFA. Daníel Jóhannesson TBR sigraði Róbert Inga Huldarsson BH í úrslitum í einliðaleik karla. Lilja Bu TBR sigraði Sólrúnu Önnu Ingvarsdóttur BH í einliðaleik kvenna. Daníel Jóhannesson TBR og Jónas Baldursson TBR unnu Davíð Phuong BH og Róbert Inga Huldarsson BH í tvíliðaleik karla. Sigríður Árnadóttir TBR og Þórunn Eylands TBR sigruðu Sólrúnu Önnu Ingvarsdóttur BH og Unu Hrund Örvar BH í tvíliðaleik kvenna. Davíð Bjarni Björnsson TBR og Þórunn Eylands TBR unnu Gústav Nilsson TBR og Sólrúnu Önnu Ingvarsdóttur BH í tvenndarleik.



Haustmót trimmara var 16. október. Keppt var í tvíliða/ tvenndarleik og voru leiknar 5 umferðir. Keppendur voru dregnir saman í hverri umferð og passað að enginn keppti tvisvar með sama félaganum. Arnar Freyr Bjarnason og Erla Rós Heiðarsdóttir sigruðu í keppninni.



Vetrarmót unglunga var haldið 29.-30. október. Keppt var í öllum greinum og flokkum unglunga U13, U15 og U17/19. Í einliðaleik var keppt í riðlum, bæði í A- og B flokki. Í tvíliða- og tvenndarleik var beinn útsláttur. Keppendur voru frá TBR, Tindastól, BH, Hamri, ÍA, UMFA og TBS. Þeir TBR-ingar sem fengu gull í A-flokki voru: Aylin Pardo Jarmillo, Brynja Sól Björnsdóttir, Brynjar Petersen, Daníel Máni Einarsson, Eggert Þór Eggertsson, Einar Óli Guðbjörnsson, Eiríkur Tumi Briem, Grímur Elíasen, Hrafnhildur Magnúsdóttir, Iðunn Jakobsdóttir, Óðinn Magnússon og Sonja Sigurðardóttir,

Danmerkurferð. Hópur TBR-inga tók þátt í opnu badmintonmóti í Solröd Strand í nóvember. Kepptu þeir í A- og B-flokki. Gist var í sumarhúsum og sá Unnur Einarisdóttir um matseld. Guðmundur Adolfsson og Sigfús Ægir Árnason voru fararstjórar og Jónas Huang þjálfari. Keppt var í riðlum í B-flokki en beinn útsláttur var í A-flokki. B-flokks keppendurnir fengu því marga leiki í mótinu. Ekki unnust gullverðlaun í ferðinni, en Bjarni Þór Sverrisson fékk silfur í tvenndarleik B-flokki ásamt Christina Vejby Larsen frá Lyngby.



Deildakeppni BSÍ var með nýju sniði þetta árið. Keppt var í Úrvalsdeild, 1. deild og 2. deild. Leikið var allan veturinn og keppt heima og að heiman. TBR sendi fjögur lið í keppnina og þar að auki lið ásamt UMFA. Skemmst er frá því að segja að TBR sigraði með yfirburðum í öllum deildum. Í Úrvalsdeildarliði TBR voru: Arna Karen Jóhannsdóttir, Daníel Jóhannesson, Davíð Bjarni Björnsson, Gústav Nilsson, Kristófer Darri Finnsson, Lilja Bu, Róbert Þór Henn, Sigríður Árnadóttir og Stefán Árni Arnarsson. Í 1. deild sigruðu „TBR-týnda kynslóðin“ og TBR liðið sem vann 2. deild var skipað unglingum í U15, U17 og U19 ára flokkum.



Íslandsmót öldunga var haldið í Hafnarfirði í lok nóvember. BSÍ hélt mótið í samvinnu við BH og var allt skipulag og umgjörð mótshöldurum til sóma. Keppt var í nokkrum aldursflokkum og var keppendum skipt í A- og B-flokk. Íslandsmeistarar TBR í A- öldungaflokkum urðu: Bjarki Stefánsson, Jón Sigurðsson og Njörður Ludvigsson,

Ljúflingamót TBR var haldið í desember. Þetta mót er sérstakt að því leyti að keppt er með plastboltum í U9 og U11 flokkum. Keppendum er skipt í riðla óháð kyni og úrslit eru ekki skráð. Allir fá svo gullmedalíu að keppni lokinni. Um 70 krakkar tóku þátt í mótinu að þessu sinni.



Firmakeppni TBR er fjóröflunarmót sem haldið er árlega. Fjöldi fyrirtækja styrkir TBR og er afkrastinum varið í unglingsstarf og keppnisið félagsins. Keppt var í tvíliða/ tvenndarleik með forgjöf. Liðunum er gefinn plús, eða mínus eftir því hvað þau teljast „efnileg“. Landslög- sigraði í mótinu að þessu sinni, en keppendur voru Elis Thor Dansson og Vignir Haraldsson. Í öðru sæti varð -Advania-, sem Gunnar Örn Ingólfsson og Áslaug Jónsdóttir kepptu fyrir.



Jólamót unglinga var haldið 17. desember. Keppt var í einliðaleik í riðlum í A- og B-flokkum unglinga. Keppendur voru frá TBR, UMFA, BH, ÍA, Hamri, KR og TBS. Eftirtaldir TBR-ingar sigruðu í A-flokki: Einar Óli Guðbjörnsson, Grímur Eliassen, Óðinn Magnússon og Sonja Sigurðardóttir.

Jólamót trimmara var haldið 18. desember. Keppt var í tvíliða/ tvenndarleik og leiknar 5 umferðir. Keppendur voru 20 talsins og var dregið í ný lið í hverri umferð. Ólafur Páll Bjarkason og Sunna Karen Ingvarsdóttir sigruðu í mótinu. Þau Ólafur Páll Bjarkason og Elín Wang fengu einnig viðurkenningu fyrir að sigra í Trimmtímakeppninni á haustönn 2022.



Jólaskólamót er keppni sem haldin er fyrir 9 ára krakkahópinn okkar sem æfir á haustönn. Þetta er liður í útbreiðslustarfi TBR. Krakkarnir spila eina lotu og nokkrar umferðir í einliðaleik. Úrslit eru ekki skráð, en allir fá TBR-bol í verðlaun. Um 50 krakkar tóku þátt í mótinu að þessu sinni. Hópur vaskra TBR krakka á aldrinum 10-15 ára aðstoðuðu við talningu í keppninni.





RIG
Unglingameistaramót
TBR



Jólamót unglunga



Reykjavíkurmót

Meistaramót TBR var haldið skv. venju fyrstu helgina í janúar. Keppt var í öllum greinum og flokkum fullorðinna. Reynt er að hafa mótið sem veglegast, mottur settar á tvo velli og öll umgjörð eins góð og hægt er. Keppt var í riðlum í einliðaleik, en í tvíliða- og tvenndarleik var um útslátt að ræða. Keppendur voru frá TBR, ÍA, TBS, Hamri, UMFA og BH. Róbert Ingi Huldarsson BH varð TBR-meistari í einliðaleik karla eftir sigur á Gústav Nilssyni TBR. Sigríður Árnadóttir TBR varð í efsta sæti í einliðaleik kvenna og Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR varð í öðru sæti. Kristófer Darri Finnsson TBR og Davíð Bjarni Björnsson TBR sigruðu Róbert Inga Huldarsson BH og Davíð Phoung BH í úrslitum í tvíliðaleik karla. Arna Karen Jóhannsdóttir TBR og Sigríður Árnadóttir TBR unnu Sólrúnu Önnu Ingvarsdóttur BH og Unu Hrund Örvar BH í tvíliðaleik kvenna. Loks sigruðu Davíð Bjarni Björnsson TBR og Arna Karen Jóhannsdóttir TBR þau Róbert Inga Huldarsson BH og Unu Hrund Örvar BH í tvenndarleiknum.



Iceland International mótið, sem er hluti af Reykjavíkurlaikunum var haldið í TBR 26. - 29. janúar 2023. Þetta er alþjóðlegt mót með fjölda erlendra gesta. Gríðarleg vinna fylgir því að halda svona mót, og er mikið álag á öllum hjá Badmintonsambandinu. Fjöldi sjálfbóðaliða kemur að þessari vinnu við línuvörslu og aðra aðstoð við mótið. Sækja þarf erlendu gestina á flugvöllinn, koma þeim á hótél og sjá svo um flutning þaðan og í TBR þegar þörf er á. Svo þarf á sama hátt að sinna erlendum dómurum sem koma sérstaklega til að dæma á mótinu. Í hverjum badmintonleik þarf svo dómara, sendidómara og a.m.k. fjóra línuverði. Keppt var á 4-5 völlum hverju sinni frá morgni til kvölds, fimmtudag, föstudag og laugardag. Undanúrslit og úrslit í mótinu voru svo á sunnudegi. Flestir Íslendingarnir í Úrvalsdeild kepptu í mótinu og einnig nokkrir leikmenn út 1. deildinni. Reyndar komust færri inn í keppnina en vildu vegna fjöldatakmarkana. Davíð Bjarni Björnsson TBR og Arna Karen Jóhannsdóttir TBR komust lengst í mótinu, en þau náðu fram í átta liða úrslit í tvenndarleik. Badmintonsamband Íslands á mikið hrós skilið fyrir alla skipulagningu og vinnu við mótið.

RIG-unglinga sem er jafnframt Unglingameistaramót TBR var haldið í TBR 4.-5. febrúar 2023. Þetta er eitt stærsta unglíngamótið á vetrinum. Eins og oft áður heimsótti okkur fjöldi góðra gesta frá Færeyjum. Í einliðaleiknum var keppt í riðlum U17 og U19 flokkum, en í U13 og U15 var aukaflokkur fyrir þá sem töpuðu fyrsta leik. Í tvíliða- og tvenndarleik var beinn útsláttur. Aukakeppni var á föstudagskvöldinu en þá var liðakeppni milli TBR og Havnar Badmintonfélags. TBR vann U13 keppnina, en tapaði í flokkum U15 og U17/19. Unglingaráð TBR aðstoðaði við mótið ásamt mótanefnd TBR og eiga allir þakkir skildar fyrir frábæra vinnu. Keppendur voru frá TBR, BH, ÍA, Hamri, UMFA, KR, Tindastól og TBS, auk erlendu gestanna. Eftirtaldir TBR-ingar fengu gullverðlaun í mótinu: Brynjar Petersen, Funi Hrafn Eliassen, Grímur Eliassen, Einar Óli Guðbjörnsson, Lilja Dóróthea Theodórsdóttir og Sonja Sigurðardóttir. Færeysku gestirnir okkar unnu 7 titla af 17 mögulegum, sem er þeirra besti árangur hingað til.

Ikast 2023. Um 20 krakkar lögðu land undir fót og fóru í keppnisferð til Danmerkur. Áfangastaðurinn var Ikast á Jótlandi. Loksins var hægt að fara í svona ferð eftir allt Covid19 stoppið. Þetta voru börn og unglíngar sem kepptu í U13, U15 og U17/19. Fararstjóri var Gunnar Petersen, en Árni Þór Hallgrímsson og Jónas Huang fóru sem þjálfarar. Gist var í sumarhúsum og Unnur Einarsdóttir sá um eldamennsku fyrir hópinn. Mótið í Ikast er risastórt. Keppt er í 6 íþróttahöllum í Ikast og nágrenni og í sumum þeirra eru nokkrir keppnissalir. TBR-ingarnir kepptu allir í A-flokki. Grímur Eliassen fékk silfur í einliðaleik U13A. Eggert Þór Eggertsson fékk gull í einliðaleik U15A. Þúnn Jakobsdóttir vann gull í U15A einliðaleik. Birna Sól Björnsdóttir og Þúnn Jakobsdóttir unnu gull í tvíliðaleik U15A. Einar Óli Guðbjörnsson vann gull í einliðaleik U17/19A. Lilja Bu vann gull í U17/19A í einliðaleik. Ekki var keppt í tvenndarleik.



Meistaramót Reykjavíkur í badminton var í TBR-húsi 25.-26. mars. Keppt var í öllum greinum karla og kvenna í Úrvals-, 1. og 2. deild. Í einliðaleik var um riðlakeppni að ræða þar sem tveir efstu leikmenn fóru áfram, en í tvíliða- og tvenndarleik var um útslátt að ræða. Keppendur voru frá TBR, UMFA, TBS, KR, ÍA, Hamri og ÍA. Gestur frá Svíþjóð keppti einnig í mótinu. Daníel Jóhannesson TBR varð Reykjavíkurmeistari í einliðaleik eftir sigur á Róbert Inga Huldarsyni BH. Gerda Voitechovskaja BH sigraði í einliðaleik kvenna, en Lilja Bu TBR varð í 2. sæti. Davíð Bjarni Björnsson TBR og Kristófer Darri Finnsson TBR sigruðu Jónas Baldursson TBR og Daníel Jóhannsson TBR í úrslitum tvíliðaleiks karla. Lilja Bu TBR og Sigríður Árnadóttir TBR unnu Natalíu Ósk Óðinsdóttur BH og Rakel Rut Kristjánsdóttur BH í tvíliðaleik kvenna. Þá unnu Davíð Bjarni Björnsson TBR og Gerda Voitechovskaja BH þau Róbert Inga Huldarsson BH og Unu Hrund Örvar BH í tvenndarleiknum. Badmintonráð Reykjavíkur undir stjórn Unnar Einarsdóttur sá um skipulag mótisins, en reikningshald var á vegum TBR.

Íslandsmót unglunga var haldið í TBR 14.-16. apríl. Keppni hófst á föstudagskvöldi og var svo fram haldið snemma á laugardegi og sunnudegi. Mótið var haldið í samstarfi BSÍ og TBR. Mótsstjóri var Unnur Einarsdóttir og Laufey Sigurðardóttir var yfirdómari. Um 60 TBR krakkar tóku þátt í mótinu að þessu sinni íklæddir splunkunýjum grænum YY „norðurljósabolum“, sem voru sérpantaðir frá Japan fyrir tilefnið. 18 þeirra kepptu í U11 ára flokki og hefur félagið ekki sent svo stóran hóp áður í þennan flokk Íslandsmóts unglunga. Keppt var í öllum greinum og í nær öllum flokkum unglunga. Í einliðaleiknum var um riðlakeppni að ræða. Þar var jafnframt keppt í B-fokki

unglinga. Í tvíliða- og tvenndarleik var um beinan útslátt að ræða. Félagið eignaðist 15 A- Íslandsmeistarara að þessu sinni en þau voru: Benjamín Blandon, Brynjar Petersen, Eggert Þór Eggertsson, Funi Hrafn Eliassen, Einar Óli Guðbjörnsson, Felix Krummi Lárusson, Grímur Eliassen, Hrafnhildur Magnúsdóttir, Iðunn Jakobsdóttir, Lilja Bu, Lilja Dóróthea Theodórsdóttir, Perla Kim Arnardóttir, Sigrún Hekla Kjartansdóttir og Sonja Sigurðardóttir. Þau Eggert Þór, Sonja og Lilja urðu þrefaldir Íslandsmeistarar að þessu sinni. TBR verðlaunar þá TBR-inga sem komast í úrslit í A-flokkum unglunga með veglegri úttekt í verslun félagsins. Óskum við þeim öllum til hamingju með árangurinn. TBR kallaði til vaska sveit keppnisliðsins til aðstoðar við mótið. Jafnframt bættist við enn stærri hópur félagsmanna sem aðstoðaði við dómgæslu í úrslitum. Eftir keppnina var öllum aðstoðarmönnum boðið í Kínamat á veitingastaðnum Tian, Grensásvegi.

Meistaramót Íslands 2023 var haldið í Hafnarfirði 26. - 29. apríl. Mótið var haldið á vegum BSÍ og BH. Mikil vinna var lögð í uppsetningu á salnum, tölvuvinnslu, streymi og alla aðra umgjörð sem fylgir svona móti. BH-ingar eiga mikið hrós skilið fyrir metnað við framkvæmd mótisins og reyndar við öll önnur mót sem félagið skipuleggur yfir veturinn. Badminton samband Íslands á þar „hauk í horni“ varðandi alla aðstoð. TBR vann fjóra titla í Úrvalsdeild. Daníel Jóhannesson TBR sigraði Kára Gunnarsson í einliðaleik karla. Sigríður Árnadóttir TBR og Arna Karen Jóhannsdóttur TBR unnu Sólrúnu Önnu Ingvarsdóttur BH og Unu Hrund Örvar BH í tvíliðaleik kvenna. Davíð Bjarni Björnsson TBR og Kristófer Darri Finnsson unnu Daníel B. Thomsen TBR og Bjarka Hlífur Stefánsson TBR í tvíliðaleik karla. Davíð Bjarni Björnsson TBR og Arna Karen Jóhannsdóttir TBR sigruðu í tvenndarleik móti Daníel Jóhannessyni TBR og Sigríði Árnadóttur TBR. Eini titillinn sem ekki vannst var einliðaleikur kvenna. Þar sigraði Gerda Voitechovskaja BH í hörku úrslitaleik móti Sigríði Árnadóttur TBR. Badmintonfólk skemmti sér svo fram á nótt við mat og drykk í veislu sem BSÍ hélt að móti loknu.

Badmintonráð Reykjavíkur er undir stjórn Unnar Einarsdóttur. Ráðið heldur Reykjavíkurmót unglunga í september og Reykjavíkurmót fullorðinna í mars ár hvert. Unnur kallar til sín hóp einstaklinga sem aðstoðar við stjórn mótisins. Einnig þarf dómara og teljara í fullorðinsmótið. Þetta er mikil vinna og færur við þeim bestu þakkir fyrir. ÍBR veitir veglegan styrk árlega til BRR sem er nýttur til þessa mótahalds.

Mótsstjórn TBR er skipuð þeim Unni Einarsdóttur, Laufeyju Sigurðardóttur, Árna Gesti Sigfússyni og Haraldi Sigfússyni. Þau sjá um öll fullorðinsmótin sem eru á vegum TBR, en koma einnig að stjórn og skipulagi unglungamótanna eftir því sem þörf er á. Lögð er áhersla á að mótin séu skipulögð á sem bestan hátt, dómara og teljarar eru til kallaðir og salurinn er settur upp þannig að sem mestur sómi sé að. Reynt er að streyma á netinu frá flestum mótum.

Unglingaráð TBR aðstoðar mótsstjóra í öllum unglíngamótunum TBR. Mótin eru Vetrarmót, Jólamót og RIG unglínginga. Þetta er mikil vinna og má hrósa krökkunum fyrir gott og fórnúst starf. Í Unglingaráði í vetur voru: Viktor Ström, Lilja Bu, Daníel Máni Einarsson, Hrafnhildur Magnúsdóttir, Funi Eliassen og Eiríkur Tumi Briem.

Þing Íþróttabandalags Reykjavíkur var haldið í mars 2023. TBR á fimm fulltrúa á þinginu, sem reyndar fara með 9 atkvæði í kosningum. Lilja Sigurðardóttir er varaformaður ÍBR og jafnframt fulltrúi TBR í stjórn ÍBR. Í kosningum til nýrrar stjórnar ÍBR fékk Lilja flest atkvæði allra sem í kjöri voru. Ingvar Sverrisson var endurkjörinn formaður ÍBR.

Badmintonsamband Íslands er nánasti samstarfsaðili TBR. Félagið leggur metnað sinn í að aðstoða BSÍ við mótahald og aðra viðburði á vegum sambandsins. Talsverður kostnaður fylgir þessu sem fellur á TBR, en við lítum á það sem skyldu okkar að gera allt sem í okkar valdi stendur til að mótin séu sem veglegust. Kristján Daniélsson er formaður BSÍ. TBR-íngar í stjórn eru: Guðrún B. Gunnarsdóttir, Haukur Þórðarson, Pétur Hemmingsen og Guðbjörg Guðlaugsdóttir.

Afrekssjóður ÍBR og Reykjavíkurborgar veitti TBR veglegan styrk í tilefni af sigri í Deildakeppni BSÍ 2022. Styrkurinn var veittur við hátíðlega athöfn í Ráðhúsi Reykjavíkur í desember 2022. Borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson og Ingvar Sverrisson afhentu Guðmundi Adolffssyni viðurkenningarskjal af þessu tilefni.

Borðtennis

Borðtennisdeild Víkings er með aðstöðu í kjallara eldra hússins. Pétur Stephensen er formaður deildarinnar. Mörg stærstu borðtennismótin er haldin í stóra salnum okkar. Allir Íslandsmeistarar í fullorðinsflokkum í borðtennis 2023 eru í Víking.

Skólaleikfimi

Langholtsskóli leigir stóra salinn tvisvar í viku fyrir leikfimi. Félagið hefur talsverðar tekjur af leigunni sem nýtist í félagsstarfið. Skólakrakkarnir koma um kl. 8 á þriðjudags- og föstudagsmorgnum og síðasti hópurinn er búinn kl. 14.20.

Tennishús

Tennishús TBR er enn á framkvæmdaáætlun borgarinnar sem nær til 2030. Þetta er sameiginleg stefna Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur. Ljóst má þó vera að þetta hús

verður ekki í forgangi næstu árin miðað við þann kostnað sem fylgir væntanlegri þjóðarhöll í Laugardalnum.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Heimasíða TBR er: www.tbr.is. Á síðunni eru grunnupplýsingar um uppbyggingu félagsins, stjórn, stefnur og margt fleira. Daníel Jóhannesson annast uppsetningu og breytingar á heimasíðunni.

Facebook síða TBR er með öllum nýjustu fréttum um starfsemi félagsins. Þar má sjá fjölda mynda úr mótum og öðru sem er á dagskrá. Reynt er að uppfæra síðuna sem oftast til að hægt sé að sjá hvað er á döfinni hverju sinni.

Noona.is

TBR samdi við „noona.is“ varðandi leigu á stökum tímum í badminton. Hægt er að panta badmintontíma viku fram í tímann á netinu. Þar er einnig hægt að panta fasta tíma ef svo ber undir. Nú er unnið við að koma 10 tíma kortunum okkar inn í þetta sama kerfi.

Sportabler

Sportabler tölvukerfið var tekið í notkun hjá TBR s.l. haust. Þetta er notað við allar skráningar í unglíngatíma, og þjálfararnir nota þetta kerfi einnig til að boða og skrá á keppnisæfingar. Frístundastyrkurinn frá Reykjavík, Kópavogi, Mosfellsbæ og Garðabæ getur nýst í TBR með aðstöð Sportabler.

Framkvæmdir

Framkvæmdir í TBR eru talsverðar ár hvert. Félagið fékk 8 milljónir í styrk á árinu 2022 til viðhalds- og nýframkvæmda. Framkvæmdir standa enn yfir, en ætlunin er að endurnýja ljósabúnað í stóra salnum, svo og ofnakerfið í salnum. Risastórt viðhaldsverkefni bíður, en trégólfín í báðum söllum eru komin á tíma. Búið er að sækja um styrk til borgarinnar varðandi þá framkvæmd.

Fjöldi badmintonmóta eru haldin hjá öðrum félögum. Við sendum öllum badmintoniðkendum í BH, KR, ÍA, UMFA, Tindastól, Hamri, UMSB og TBS okkar bestu kveðjur og þökkum samstarf og samkeppni á starfsárinu. Þá eru starfsfólki og félagsmönnum TBR færðar bestu kveðjur og þakkir.

Meistaramót TBR



Deildó





Unglingameistaramót
Íslands

Líf og fjör í TBR



Áramótæfingin



Rekstrarreikningur 01.09. 2021- 31.08. 2022

		2021-2022	2020-2021	Áætlun 2022-2023
Skýr:				
Rekstrartekjur:				
Tímaleiga.	1	122.944.211,00	90.414.725,00	126.300.000,00
Sala í verslun.	2	21.973.864,00	12.054.711,00	22.000.000,00
Aðrar tekjur.	3	56.715.704,00	79.474.713,00	58.800.000,00
		201.633.779,00	181.944.149,00	207.100.000,00
Rekstrargjöld:				
Móta- og þjálfunarkostnaður.	4	67.674.320,00	52.243.885,00	71.900.000,00
Rekstur húss og félags.	5	100.084.744,00	94.409.698,00	107.500.000,00
Rekstur verslunar.	6	11.668.306,00	10.902.412,00	15.000.000,00
		179.427.370,00	157.555.995,00	194.400.000,00
Hagnaður af félagsrekstri.		22.206.409,00	24.388.154,00	12.700.000,00
Rekstur fasteigna og aðrir liðir:				
Fjármagnskostnaður.		105.191,00	666.344,00	0,00
		105.191,00	666.344,00	0,00
Hagnaður ársins.		22.101.218,00	23.721.810,00	12.700.000,00

Efnahagsreikningur

	2021-2022	2020-2021
Eignir:		
Fastafjármunir:		
Íþróttahús 1 og 2, brunabótamat.	1.483.123.919,00	1.335.668.824,00
Tennishús-hönnun.	695.278,00	695.278,00
Lóð T.B.R.	159.988.655,00	144.082.268,00
Áhöld og húsbúnaður.	1.937.283,00	2.210.835,00
Framkvæmdareikningur.	12.170.222,00	11.973.208,00
Fastafjármunir samtals.	1.657.915.357,00	1.494.630.413,00
Veltufjármunir:		
Innstæður á bankareikningum.	37.745.060,00	27.932.138,00
Vörubirgðir verslunar.	14.981.872,00	9.955.597,00
Veltufjármunir samtals.	52.726.932,00	37.887.735,00
Eignir samtals.....	1.710.642.289,00	1.532.518.148,00

31. ágúst 2022

Skuldir og eigið fé

	2021-2022	2020-2021
Eigið fé:		
Endurmatsreikningur.	1.078.862.065,00	929.498.114,00
Höfuðstólsreikningur.	611.231.577,00	581.130.359,00
Eigið fé samtals.	<u>1.690.093.642,00</u>	<u>1.510.628.473,00</u>
Skuldir:		
Lánadrottmar.	19.801.876,00	20.188.554,00
Skuldabréfalán/veðskuldir.	746.771,00	1.701.121,00
Skuldir samtals.	<u>20.548.647,00</u>	<u>21.889.675,00</u>
Skuldir og eigið fé samtals.....	<u>1.710.642.289,00</u>	<u>1.532.518.148,00</u>

Til aðalfundar T.B.R. 2023

Ég hef endurskoðað bókhald og ársreikning Tennis og badmintonfélags Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. september 2021 til 31. ágúst 2022 og legg til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík 28. febrúar 2023


Skóðunarmaður

Sundurliðun með ársreikningi 31. ágúst 2022

	2021-2022	2020-2021	Áætlun 2022-2023
Skýring 1. Tímaleiga:			
Tímaleiga/árgjöld.	76.058.422	65.021.604	78.000.000
Námskeið/trimmtímar.	3.103.100	1.825.825	3.100.000
Unglingatímar/sumarskóli.	22.340.734	19.816.690	22.900.000
Sumartímar.	2.085.696	2.027.570	2.100.000
Leikfimitímar.	8.455.322	7.974.125	9.000.000
Keppnisæfingar.	1.660.020	1.319.032	1.700.000
Borðtennis.	9.110.917	8.849.879	9.400.000
Kastæfingar	130.000	0	100.000
Áætlaðar endurgreiðslur v. Covid-19.	0	-16.420.000	0
	122.944.211	90.414.725	126.300.000
Skýring 2. Sala í verslun:			
Sala í verslun.	26.960.572	14.756.697	
Vsk.	-4.986.708	-2.701.986	
	21.973.864	12.054.711	22.000.000
Skýring 3. Aðrar tekjur:			
Lottó/Getraunir	2.944.492	3.186.556	3.000.000
Þáttökugjöld v/móta.	3.905.975	2.745.156	4.000.000
Styrkir frá ÍBR/ÍTR o.fl..	45.877.974	68.331.029	47.000.000
Dósasöfnun/auglýsingar	297.656	188.578	300.000
Tekjur v/ferðalaga.	2.125.315	0	3.000.000
Ýmsar fjáraflanir.	1.020.114	4.841.302	1.000.000
Tekjur vegna skemmtana	544.178	182.092	500.000
Aðrar tekjur.	56.715.704	79.474.713	58.800.000
	79.474.713	68.471.090	50.700.000
Skýring 4. Móta og þjálfunarkostnaður:			
Verðlaun.	559.560	451.740	600.000
Boltar/áhöld í mót og æfingar.	6.741.368	6.437.312	7.500.000
Annar kostnaður v/móta.	2.796.946	1.678.899	3.000.000
Ferðakostnaður innanlands.	710.726	31.703	1.300.000
Skemmtanir.	707.984	107.465	700.000
Erlendar heimsóknir.	1.304.326	1.192.600	1.400.000
Utanlandsferðir.	7.200.354	0	6.000.000
Þjálfunarkostnaður.	43.447.143	38.213.712	46.000.000
Þáttökugjöld greidd af TBR.	2.881.200	2.080.200	3.500.000
Annað.	1.324.713	1.050.254	1.400.000
Styrkir til BSÍ	0	1.000.000	500.000
	67.674.320	52.243.885	71.900.000

	2021-2022	2020-2021	Áætlun 2022-2023
Skýring 5: Rekstur húss og félags:			
Laun og launat. gjöld v/TBR-húss.	66.238.269	62.356.699	72.000.000
Ritföng, frímerki, greiðsluseðlar.	759.550	622.493	800.000
Fundir, kaffikosnaður	516.260	419.487	600.000
Viðhald húsnæðis og hreinlætisvörur.	4.369.169	5.679.583	5.000.000
Sími	883.116	920.122	900.000
Auglýsingar.	53.949	66.759	100.000
Prentun, myndir, tölvur, net.	1.233.858	1.055.106	1.300.000
Orkureikningar.	6.240.404	5.244.715	6.500.000
Tryggingar.	2.700.533	2.338.524	2.400.000
Skattar til ÍBR/ÍSí.	253.650	147.750	300.000
Skattar.	14.103.506	13.482.748	14.800.000
Kostnaður v/greiðslukorta o.fl.	724.156	688.779	800.000
Annar kostnaður.	2.008.324	1.386.933	2.000.000
	100.084.744	94.409.698	107.500.000

Skýring 6. Rekstur verslunar:

Birgðir 01.09. 2021.	9.955.597	12.989.620	
Keyptar vörur.	16.694.581	7.868.389	
Birgðir 31.08.2022.	-14.981.872	-9.955.597	
	11.668.306	10.902.412	15.000.000



Skipuleggjendur, teljarar og dómarafrá TBR á Unglingameistaramóti Íslands



Íslandsmeistarar TBR í unglingaflokkum 2023 ásamt formanninum



Snóttir og snáðar í U11 á Íslandsmóti unglinga 2023

